

Djúpavogshreppur
Bakka 1
765 Djúpivogur

Reykjavík 7. apríl 2020
UST202003-621/B.S.
10.04.00

Efni: Breyting á aðalskipulagi og deiliskipulagi - Teigarhorn - lagning ljósleiðara.
Umsögn

Vísað er til bréfs Djúpavogshrepps dags. 27. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingu.

Í breytingunni felst að ráðgert er að leggja ljósleiðara frá tengivirki RARIK að Framnesi á Berufjarðarströnd þaðan sem strengurinn verður lagður um Berufjörð.


Í landi Teigarhorns er gert ráð fyrir að ljósleiðarinn verði lagður samsíða vatnslögn Djúpavogshrepps.

Ljósleiðarinn verður plægður niður nema á stöku stað þar sem fleyga þarf strenginn í berg á stuttum köflum.

Umhverfisstofnun telur að plæging jarðstrengs í jaðri lands sem þegar hefur verið raskað með lagningu vatnslagnar muni ekki hafa veruleg umhverfisáhrif í för með sér og reynslan hefur sýnt að slík ummerki hverfa fljótt í grónu landi.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd en bendir á að sækja þar um framkvæmdaleyfi til Umhverfisstofnunar vegna strenglagnarinnar sbr. 8. gr. auglýsingar um fólkvanginn Teigarhorn nr. 416/2013.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
sérfræðingur



Axel Benediktsson
sérfræðingur